

Miðgarðakirkja árið 2006. Ljósmynd Ívar Brynjólfsson , Þjóðminjasafn Íslands.



Fyrirhuguð kirkja

**Byggingarlýsing**

Miðgarðakirkja brann til grunna 22. September 2021.

Hún var byggð árið 1867 og leysti þá af hólmi gamla torfkirkju. Hin nýja timburkirkja var turnlaus, undir einu formi með slagsúð á veggjum og rennisúð á þaki.

Árið 1932 var hún færð um lengd sína til austurs á steinsteyptar undirstöður og stækkuð með því að byggja við vesturgaflinn forkirkju með turni yfir og kórbyggingu var bætt við austurgaflinn undir þrengra formi.

Árið 1956 voru útveggir klæddir asbesti að utan og bárujárn sett á þakið. Um 1980 var Stálklæðning sett á útveggina en sex árum síðar var hún fjarlægð og trefjaplastplötur komi í hennar stað.

Strax eftir brunann ákvað sóknarnefnd kirkjunnar að hún skyldi endurbyggð í lítillega endurbættri mynd en þess var óskað að hin nýja kirkja yrði keimlík þeirri gömlu.

Nýja kirkjan verður timburhús á steinsteyptum undirstöðum og með steinsteyptu gólfi.

Veggir verða með hefðbundinni timburgrind, 45x120 mm, einangraðir með 120 mm steinull. Utan á grindina verður skrúfaður 12 mm grenikrossviður en yst verður lóðrétt, nótuð klæðning úr lerki, sem skrúfuð verður með ryðfríum skrúfum á 22x45 mm lárétta lista. Innan á veggjagrindinni verður rakavarnalag en innst verða heflaðar þiljur úr lerki, sem festar verða á 22x45 mm lagnagrind.

Þakið verður úr 45x195 mm sperrum og einangrað milli þeirra með 175 mm steinull. Borðaklæðning þaksins verður úr 25x150 mm furuborðum en milli þakborða og einangrunar verður 25 mm úrloftunarbil. Ofan á þakborðunum verður tjörupappi með láréttri skörun og bræddum samskeytum. Yfir hverri sperru verður listi, 22x45 mm, upp og ofan eftir þakinu og ofan á þeim verða láréttar lektur, 34x45 mm til festingar fyrir þakskífur.

Yst verða þakskífur sem gerðar verða úr niðursneiddum blágrýtisstuðum. Í jöðrum skífanna verða raufar og þær negldar við láréttu lekturnar með ryðfríum saum sem hulinn verður af næstu skífuröð fyrir ofan. Neðan á sperrum verður rakavarnarlag en neðst þiljur úr lerki sem festar eru við lagnagrind.

Kirkjan verður tengd rafmagnveitu og vatnsveitu Grímseyjar.

Gólfhiti verður í kirkjunni sem sækir orku með rafknúinni varmadælu, vatn í vatn með niðurgrafinn vatnslögn í túni austan við kirkjugarðinn. Frárennsli verður leitt að skolphreinsistöð sem grafin verður í jörðu austan við kirkjugarðinn.

Helstu stærðir:

Kirkjugarðurinn telst lóð kirkjunnar. Hann er 1759,7 $m^2$

Flatarmál kirkjunnar verður 89,5 $m^2$

Heildargólfflötur verður 91,5 $m^2$

Nýtingarhlutfall lóðarinnar 91,5/1759,7 = 0,05

Rúmmál kirkjunnar verður 395 $m^3$




| | |
|---|---|
| verk | **Miðgarðakirkja í Grímsey** |
| verkkaupi | Sóknarnefnd Miðgarðakirkju |
| teikning | Endurbygging eftir bruna.<br>Ný kirkja með svipmóti þeirrar gömlu.<br>Afstöðumynd og byggingarlýsing. |
| m.k.v. | 1:100 |
| dags. | desember 2021 |
| teiknað | HS |


Hjörleifur Stefánsson arkitekt FAÍ 121247-3489

**GULLINSNIÐ ehf**

+(354)562 6628
hjorleifur@gullinsnid.is

Fjölnisvegur 12
Reykjavík
IS-101


**Teikning Nr.** **01**

## Grunnmynd




## Grunnmynd sönglofts og skrúðhússlofts




## Grunnmynd klukkuturns







Skurður C-C




Skurður A-A




Skurður B-B

| | |
|---|---|
| verk | **Miðgarðakirkja í Grímsey** |
| verkkaupi | Sóknarnefnd Miðgarðakirkju |
| teikning | Endurbygging eftir bruna.<br>Ný kirkja með svipmóti þeirrar gömlu.<br>Grunnmyndir og sneiðingar |
| m.k.v. | 1:100 |
| dags. | desember 2021 |
| teiknað | HS |


Hjörleifur Stefánsson arkitekt FAÍ 121247-3489

**GULLINSNIÐ ehf**

+(354)562 6628
hjorleifur@gullinsnid.is

Fjölnisvegur 12
Reykjavík
IS-101


**Teikning Nr.** **02**




Skurður D-D






Útlit austurhliðar



Útlit vesturhliðar



Útlit suðurhliðar



Útlit norðurhliðar

| | |
|---|---|
| verk | **Miðgarðakirkja í Grímsey** |
| verkkaupi | Sóknarnefnd Miðgarðakirkju |
| teikning | Endurbygging eftir bruna.<br>Ný kirkja með svipmóti þeirrar gömlu.<br>Grunnmyndir og sneiðingar |
| m.k.v. | 1:100 |
| dags. | desember 2021 |
| teiknað | HS |

Hjörleifur Stefánsson arkitekt FAÍ 121247-3489

**GULLINSNIÐ ehf**

+(354)562 6628
hjorleifur@gullinsnid.is

Fjölnisvegur 12
Reykjavík
IS-101

**Teikning Nr.** 03